

## Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

### Styrkir úr Vísindasjóði Landspítala

#### *Það helsta í blaðinu:*

-Styrkir úr Vísindasjóði LSH

-Ljós módurfræði í 250 ár

- Útskrift meistaranema í hjúkrun

- Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Þann 28. apríl hófst árleg uppskeruhátíð vísindastarfs Landspítala *Vísindi á vor-dögum*. Úthlutað var úr Vísindasjóði LSH. Eftirfarandi hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hlutu styrk fyrir verkefni sín:

**Anna Ólafía Sigurðardóttir** sérfræðingur í hjúkrun:

Árangur fjölskylduhjúkrunarmedferðar (meðferðarsamræðna) á Barnspítala Hringins.

**Anna Sigríður Vernharðsdóttir** ljósmóðir: Innleiðing á breyttu vinnulagi við barnsfæðingu til að fækka 3. og 4. gráðu spangarrifum.

**Brynja Ingadóttir** sérfræðingur í hjúkrun: Eflandi fræðsla til bæklunar-sjúklinga– mat og alþjóðlegur samanburður.

Styrking sjálfsönnunar með sjúklingafræðslu: Væntinar og

móttækin fræðsla frá sjónarhóli sjúklinga sem fá ígræddan bjargráð og/eða tvíslegla gangráð.

**Eydís K Sveinbjarnardóttir** aðstoðarframkvæmdarstjóri hjúkrunar: fjölskylduhjúkrun á barnadeildum.

**Helga Bragadóttir** forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrunarstjórnun: Hjúkrun sem er sleppt og teymisvinna í hjúkrun.

**Helga Jónsdóttir** forstöðumaður hjúkrunar langveikra fullorðinna: Efling heilbrigðis og sjálfsönnunar hjá fólki með langvinna lungnatæpu og fjölskyldum þeirra.

**Herdís Sveinsdóttir** hjúkrunarfræðingur og prófessor: Vandamál maka karla sem eru á hormónahvarfsmeðferð vegna útbreidds krabbameins í blöðruhálskirtli og þarfir þeirra fyrir upplýsingar

og stuðning.

**Ingibjörg Hjaltadóttir** hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri: RAI gæðavísar á íslenskum hjúkrunarheimilum: Þróun gæða í hjúkrun yfir tímabilið 1999-2009.

**Katrín Blöndal** sérfræðingur í hjúkrun: Legginn út!: Fyrirbygging þvagfærasýkinga af völdum innliggjandi þvagleggja á Landspítala.

### Ljós módurfræði í 250 ár

Á þessu ári eru liðin 250 ár síðan að menntun ljósmæðra hófst á Íslandi. Í tilefni þessara tímamóta var haldin málstofa námsbrautar í ljósmódurfræði þann 28. maí. Ólöf Ásta Ólafsdóttir lektor setti daginn en að því loknu flutti Geir Gunnlaugsson, landlæknir ávarp. Hann færði bæði deildinni og útskriftarnemum *Ljósmæðrabók* að gjöf en hún var gefin út af Landlækni árið 1934. Guðrún Kristjánsdóttir deildarforseti hjúkrunarfræðideildar og Hildur Kristjánsdóttir formaður Norðurlandasamtaka ljósmæðra fluttu einnig ávörp. Ljósmóðurnemar kynntu lokaverkefni sín til embættisprófs í ljósmódurfræði. Að þessu sinni voru útskriftarnemar 12. Fjöldi manns tók þátt í þessum velheppnaða degi.



## Styrkir til doktorsnema í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum

Stjórn Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til doktorsnema í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum. Heildarupphæð styrkja er 1 milljón króna.

Umsóknarfrestur er til **20. ágúst 2011**.

Rafræn umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði, [www.rsh.hi.is](http://www.rsh.hi.is). Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum. Styrkir verða veittir til rannsóknaverkefna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi, sem falla að markmiðum sjóðsins. Hægt er að styrkja sjóðinn með ýmsu móti, t.d. vegna árangragsafmæla eða útskriftar. Einnig er hægt að senda minningarkort og tækifæriskort. Fjárhæðir má leggja inn á eftirfarandi bankareikning hjá Íslandsbanka, 0513-26-004057. Kennitala Styrktarsjóða HÍ er 571292-3199.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Björnsdóttir, verkefnisstjóri RSH, [margbjo@hi.is](mailto:margbjo@hi.is), sími 525-5280. Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur var stofnaður 29. júní 2007 af Ingibjörgu R. Magnúsdóttur auk Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítalans. Ingibjörg er fyrrverandi námsbrautarstjóri í hjúkrunarfræði HÍ og fyrrverandi skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Hún hefur verið einn ötulasti talsmaður þróunar hjúkrunarmenntunar á Íslandi og var ein þeirra sem stóð að stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands árið 1973.

### Tólf útskrifast með meistarapróf

Rannsóknadagur meistaránema við hjúkrunarfræðideild var haldinn 1. júní. Að þessu sinni voru tólf nemendur að kynna lokaverkefni sín til meistaraprófs. Af þeim voru sjö að útskrifast með meistarapróf í hjúkrunarfræði, tveir í ljósmóðurfræði, tveir í upplýsingatekni á heilbrigðisvísindasviði og einn í lýðheilsufræðum.



### Starfsmannabreytingar hjá RSH

Margrét Björnsdóttir tók við stöðu verkefnastjóra daglegs reksturs þann 1. maí 2011. Margrét útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur árið 2007 og lauk meistaraprófi í heilsuhagfræði árið 2010. Viðtalstímar eru mánudaga til fimmtudaga kl. 8-13. Tölvupóstur: [margbjo@hi.is](mailto:margbjo@hi.is).

### Úthlutun úr vísindasjóði

Á alþjóðadegi hjúkrunarfræðinga þann 12. maí voru afhentir styrkir úr B- hluta vísindasjóðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Tólf rannsóknarverkefni hlutu styrki. Um var að ræða 4 vísindarannsóknir, 5 meistara-rannsóknir og 3 doktorsrannsóknir. Þeir sem hlutu styrki voru:

Árún K. Sigurðardóttir,  
Berglind G. Chu,  
Brynja Ingadóttir,  
Erla Kolbrún Svavarsdóttir,  
Gunnhildur Gunnlaugsdóttir,  
Helga Atladóttir.,  
Kristín Þórarinsdóttir,  
Rannveig Björk Gylfadóttir,  
Sólrún Rúnarsdóttir,  
Stefanía B. Arnardóttir og  
Þorbjörg Jónsdóttir

*Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala heyrir undir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala.*

### Í stjórn RSH sitja:

Sóley S. Bender,  
formaður  
Rúnar Vilhjálmsson  
Auðna Ágústsdóttir  
Sigríður Gunnarsdóttir,  
varamaður

### Starfsmenn RSH eru:

Guðný Bergþóra  
Tryggvadóttir og  
Margrét Björnsdóttir

### Ritstjóri Rannsóknafréttar:

Margrét Björnsdóttir  
Eirbergi, Eiríksögutu 34  
101 Reykjavík  
Sími: 525 5280  
Netfang: [margbjo@hi.is](mailto:margbjo@hi.is)

